



Afreks- og viðurkenningasjóður Norðurlandsþings.

1. grein.

Sjóðurinn heitir Afreks- og viðurkenningasjóður Norðurlandsþings.

2. grein.

Sjóðurinn var stofnaður af fjölskyldu- og þjónusturáði Húsavíkurbæjar og er eign Norðurlandsþings.

3. grein.

Tilgangur / markmið sjóðsins er að:

- styrkja og veita íþróttafélögum í sveitarfélaginu viðurkenningu fyrir góðan árangur, drengilega keppni, drengilegt og öflugt íþróttá-, félags- og æskulýðsstarf.
- styrkja og veita viðurkenningar til einstakra afreksmanna á sviði íþróttá, sem keppa fyrir hönd íþróttafélaga í Norðurlandsþingi, til að auðvelda þeim að stunda æfingar í sinni grein og ná árangri.

4. grein.

Allar umsóknir sem berast sjóðnum skulu sendar af viðkomandi íþróttafélagi / deild eða samtökum sem sækir um fyrir hönd íþróttamanns og skulu gerðar á þar til greind eyðublað. Hver styrkumsókn skal vera undirrituð og henni skal fylgja greinargerð um áætlaðan kostnað og markmið.

5. grein.

Um styrki vegna íþróttahópa, liða eða félaga gilda eftirfarandi reglur:

Eftirtalin mót eru styrkhæf

- Heimsmeistaramót
- Evrópumót
- Norðurlandamót
- Alþjóðleg mót

Einnig er heimilt að veita styrki til einstaklinga er valdir hafa verið í landslið.

6. grein.

Með stjórn sjóðsins fer æskulýðsnefnd Norðurlandsþings. Tengist umsókn eða umsækjandi aðalmanni í nefndinni persónulega skal kalla til varamann.



NORÐURÞING

KETILSBRAUT 7 - 9 - 640 HÚSAVÍK

7. grein.

Tekjur sjóðsins skulu vera árlegt framlag sem bæjarstjórn Norðurþings ákveður við gerð fjárhagsáætlunar. Einnig gjafafé sem og annað fé sem sjóðnum kann að áskotnast.

8. grein.

Reikningshald sjóðsins er hluti af ársreikningi bæjarsjóðs Norðurþings og Norðurþing greiðir allan kostnað við rekstur sjóðsins. Skrifstofa sveitarfélagsins sér um bókhald og vörslu fjármuna hans.

9. grein.

Fé sjóðsins, eins og það stendur í árslok, skal verðbætt árlega skv. vísitölu neysluverðs en sjóðurinn ber ekki vexti. Aðrar eignir skal varðveita eins og æskulýðsnefnd ákveður hverju sinni.

Sérákvæði vegna umsókna:

Tilgreina skal,

- Nafn, heimili, síma og kennitölu umsækenda
- Félag og/eða undirskrift forráðamanns þess félags sem undirritaður keppir/starfar í ef einstaklingur er skráður umsækjandi.
- Ástæður styrkumsóknar, sundurliðaðan kostnað vegna t.d. ferðar og einnig upplýsingar um aðra fjármögnun.
- Tilgreina skal upphæð styrkumsóknar.
- Ekki verður tekið við umsóknum vegna ferða/keppni sem þegar hefur farið fram.
- Verði ekki af umræddri ferð verður styrkur ekki greiddur.
- Dagsett umsókn verður að berast til æskulýðsnefndar fyrir viðkomandi ferð.
- Umsóknir skulu stílaðar á Afreks- og viðurkenningasjóð Norðurþings, Æskulýðsnefnd, Stjórnsýsluhúsinu Ketilsbraut 7 – 9 640 Húsavík.

Samþykkt í fjölskyldu- og þjónusturáði 14. september 2005

Samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkurbæjar 20. september 2005

Breytt í samræmi við samþykkt fjölskyldu- og þjónusturáðs Norðurþings 3. júlí 2006.
